

á reikningi stefnanda, samtals 95 aur., 5. decbr. 1924, hafi átt sér stað. — Skirskotun stefnds til siglingarlaganna á eigi hér við.

Ber því að draga frá hinni umstefndu upphæð, kr. 936,70, samtals kr. 750,95, og að dæma stefndan til að greiða mismuninn, kr. 185,75, auk 6% ársvaxta af upphæð þessari frá 1. janúar 1926 til greiðsludags, en málskostnaður virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Miðvikudaginn 16. dez. 1931.

Nr. 102/1931. **Réttvísín** (Pétur Magnússon)

gegn

Karli Filippussyni og Gunnlaugi

Oddsens Vilhjálmi Eyjólfsyni

(Eggert Claessen).

Þjófnaðarbrot.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 14. ág. 1931: Ákærðir, Karl Filippusson og Gunnlaugur Oddsen Vilhjálmur Eyjólfsen, sæti hvor um sig 8 mánaða betrunarhússvinnu og greiði in solidum allan kostnað sakarinnar. Ennfremur greiði þeir in solidum 25 krónur í skaðabætur til Sigvalda Jónassonar á Geithálsi innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ef ákærður Karl greiðir hinar ídæmdu skaðabætur á tilsettum tíma, skal fangelsisrefsingu hans frestað og hún falla niður nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði, og sé í því máli dæmdur í þyngri refsingu en sektir.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Afbrot hinna ákærðu, sem er lýst í hinum áfrýjaða aukaréttardómi, heyrir undir 6. gr. laga nr. 51,

7. maí 1928 og þykir refsing hvors þeirra um sig eftir öllum málavöxtum hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 15 daga. En að því athuguðu, að ákærði, Karl Filippusson, var 22 ára að aldri, að hann hefir eigi áður sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot, og að hann hefir boðið fram skaðabætur, þá þykir rétt að ákveða samkv. 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907, að fullnustu refsingarinnar að því, er hann snertir, skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár, ef fullnægt verður skilyrðum laganna. En ákærði, Gunnlaugur O. V. Eyjólfsson, getur að þessu sinni eigi fengið skil-orðsbundinn dóm, þar sem hann með dómi upp-kveðnum 30. sept. 1926, hefir verið dæmdur skil-orðsbundið fyrir brot gegn 276., sbr. 272 gr. hegningarlaganna og hefir eigi fullnægt skilyrðum þeim, er honum voru sett í þeim dómi.

Hinum ákærðu ber in solidum að greiða Sigvalda Jónassyni, veitingamanni á Geithálsi, 25 krónur í skaðabætur, svo sem hann hefir krafizt og ákærði, Karl Filippusson hefir samþykkt.

Ennfremur ber ákærðum in solidum að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Við meðferð málsins er það athugavert, að héraðsdómarinn hefir eigi lagt fram eftirrit af framangreindum dómi frá 30. sept. 1926 og að eftirrit af dóminum hefir heldur eigi verið útvegað síðar og lagt fyrir hæstarétt.

Því dæmist rétt vera:

Hinir ákærðu, Karl Filippusson og Gunnlaugur Oddsen Vilhjálmur Eyjólfsson, sæti

hvor um sig 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En fullnustu refsingarinnar að því er snertir Karl Filippusson skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin.

Ákærðu greiði in solidum Sigvalda Jónassyni, veitingamanni á Geithálsi, 25 kr. í skaðabætur.

Svo ber og ákærðum in solidum að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Eggerts Claessen, 60 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Karli Filippussyni, bifreiðarsjóra, Brautarholti við Reykjavík, og Gunnlaugi Oddsen Vilhjálmi Eyjólfsyni, Skólavörðustíg 22, fyrir brot gegn ákvæðum 23. kapitula hinna alm. hegningalaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 frá 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina.

Nóttina milli 2. og 3. júní síðastliðinn fóru ákærðir upp að Geithálsi í Mosfellssveit í bifreið, ásamt fleiri mönnum, voru þeir töluvert hreifir af vini. Var margt manna á Geithálsi þessa nótt og gleðskapur mikill. Falaði ákærður Karl vín af ráðskonunni á Geithálsi, en hún vildi ekki selja. Talaðist þá svo til milli ákærða, að Sigvaldi veitingamaður mundi geyma vín í kjallaranum hjá sér og kom þeim saman um að rannsaka það. Fóru þeir saman

út og fyrst að hlöðudyrnum. Ætlaði ákærður, Karl, að snúa lásinn fyrir þeim dyrum í sundur með hendinni, en gat það ekki. Fann hann þá járntein, sem var meðfram hlöðuveggnum, og sprengdi lásinn upp. Fóru þeir síðan báðir saman inn í hlöðuna, en sáu þá að þetta voru vitlausar dyr. Fóru þeir síðan að kjallaradyrum íbúðarhússins og sagði Karl, að þetta væru réttu dyrnar. Sprengdu þeir síðan upp lásinn fyrir þeim dyrum með fyrnefndum tein og flaskaðist við það eitthvað úr hurðinni. Ákærðum kemur ekki saman um það, hvor þeirra hafi sprengt þennan lás upp, Karl heldur því fram að Gunnlaugur hafi gert það, en Gunnlaugur heldur því fram að Karl hafi gert það. Ákærður, Karl, fór síðan inn í kjallarann, en ákærður, Gunnlaugur, stóð á verði á meðan. Karl fann ekkert vin í kjallaranum, en sagði við Gunnlaug að nóg væri þar af öli. Kom Karl síðan með einn kassa af pilsner fram að dyrunum, og lyfti Gunnlaugur kassanum yfir þröskuldinn með honum, og bar Karl síðan kassann austur fyrir húsið á Geithálsi. Síðan stungu þeir nokkrum flöskum á sig hvor og báru þær út í bifreið sína. Voru þeir síðan um stund kyrrir á Geithálsi, en héldu síðan til Reykjavíkur.

Daginn eftir fannst ölkassi sá, sem ákærðir tóku úr kjallaranum, fyrir ofan húsið á Geithálsi. Vantaði ekki í hann nema 10 flöskur af öli. Sigvaldi Jónasson veitingamaður á Geithálsi hefir gert 10 króna skaðabótakröfu fyrir flöskurnar og 15 króna skaðabótakröfu fyrir spjöll á hurðum og lásum, samtals 25 krónur.

Ákærðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna, Karl fæddur 21. nóvember 1908, en Gunnlaugur fæddur 14. ágúst 1909, Karli hefir ekki verið refsað áður, en Gunnlaugur hefir með dómi, uppkveðnum 30. september 1926, fyrir brot gegn ákvæðum 276. sbr. 272. grein hinna alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869, verið dæmdur í 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi skilorðsbundið.

Framantalin afbrot þeirra ber að áliti dómarsins að heimfæra undir 231. grein sbr. 48. grein hinna alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869 og þykir refsing sú, sem þeir hafa tilunnið, hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 8 mánuði. Svo greiði þeir in solidum kr. 25 í skaðabætur til Sigvalda Jónassonar á Geithálsi innan 15 daga frá lögbirt-

ingu dóms þessa. Loks greiði þeir allan kostnað sakarinnar in solidum.

En með því að hér er um fyrsta afbrot ákærða Karls að ræða, hann er ungur og hið stolna er mjög lítills virði, þá þykir mega ákveða að fangelsisrefsing hans skuli vera skilorðsbundin, samkvæmt ákvæðum 1. greinar laga nr. 39, frá 16. nóvember 1907, ef hann greiðir hinar ídæmdu skaðabætur á tilteknum tíma.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Föstudaginn 18. des. 1931.

Nr. 71/1931. **Sigurður Sigurðsson** (Sjálfur)

gegn

Eyjólfi Jóhannssyni (Sjálfur).

Ábyrgðaryfirlýsing áfrýjanda eigi talin hafa gefið stefnda næga ástæðu til að ætla, að áfrýjandi vildi ábyrgjast umrætt víxillán, og áfrýjandi því sýknaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. apríl 1931: Stefndur, Sigurður Sigurðsson, greiði stefnandanum, Eyjólfi Jóhannssyni, kr. 500,00 með 5% ársvöxtum frá 26. sept. 1930 til greiðsludags og kr. 84,00 í málskostnað, innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess hér fyrir réttinum, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og honum dæmdur málskostnaður bæði í héraði og hæstarétti. Stefndi krefst þess hinsvegar aðallega, að málinu verði vísað frá hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Svo krefst hann og málskostnaðar í hæstarétti.